

# Aldarafmæli Læknafélags Íslands 2018

Undirbúningur er hafinn að afmælishaldi Læknafélags Íslands, LÍ sem verður 100 ára 14. janúar 2018. Til stendur að það verði gert á margvíslegan hátt á víð og dreif allt árið. Við skipulag afmælishalds hefur verið haft að leiðarljósi að læknar gleðjist saman, skemmti hver öðrum og minni í leiðinni á sig í samfélaginu á jákvæðan máta. Afmælisnefnd var skipuð sem unnið hefur hugmyndir um fjölbreytta viðburði sem dreifast eiga yfir árið 2018. Fyrst og fremst vakir fyrir okkur að færa stærstu viðburði í starfi félagsins í hátíðarbúning. Einnig vildum við búa til ný og skemmtileg atriði. Nefndarstarf hefur verið í náinni samvinnu við stjórn LÍ, framkvæmdastjóra, formann Fræðslustofnunar og ritstjórn Læknablaðsins.

## Læknadagar

Læknadagar gefa eftir setningarhátíðina 15. janúar og flyst öll dagskrá í Eldborgarsal Hörpu seinnipart mánudags. Von er á hrífandi atriðum beint frá læknum en einnig fáum við góða gesti.

Ætlunin er að hafa þrisvar í Læknadagavíkunni opna kvölddagskrá í Hörpu, Norðurljóssal, þar sem almenningi verður gefinn kostur á einhverju af því besta sem í boði hefur verið undanfarin ár. Við höfum vilryði fyrir endurflutningi

á Kaldalónsdagskránni sem þótti takast einkar vel í janúar síðastliðnum til að nefna dæmi. Vonandi tekst okkur líka að halda opinn fræðslufund norðan heiða, HOF hefur verið nefnt í því samhengi en ekki er komin dagsetning.

LÍ tekur við kefli LR hvað varðar árs-hátíðarhald sem verður með sérstöku hátíðaryfirbragði 20. janúar.

## Læknablaðið

Læknablaðið hyggur á greinaflokk í öllum tölublöðum ársins þar sem læknar og mál félagsins gömul og ný, og jafnframt í öðru ljósi en hefðbundið er, verða reifuð. Forsíðumynd og annar leiðari þessara blaða verða tileinkaðir félaginu auk greina, ljósmynda og viðtala.

## Fjölbreytt félagslíf

Smærri viðburðum verður dreift yfir bjartari tíma ársins, til dæmis göngum, golfi, fjallaferðum og garðveislu. Ýmis félagsamtök meðal lækna hafa verið virkjuð til dæmis öldungadeild, en þátttaka enn fleiri er vel þegin. Á vegum öldungadeildar er hópur sem tekið hefur að sér að nafngreina einstaklinga sem eru á ljósmyndum úr eigu félagsins, sem nú eru komnar á Þjóðskjalasafn. Þarna er nokkurt safn



Birna Jónsdóttir

röntgenlæknir  
formaður afmælisnefndar LÍ  
[birna@rd.is](mailto:birna@rd.is)

árgangshópa sem myndaðir voru á seinni hluta 20. aldar. Ætlunin er að setja upp ljósmyndasýningu seinni hluta 2018. Félag áhugamanna um sögu læknisfræðinnar FÁSL hefur einnig lýst sig fúst til samstarfs um afmælishaldið.

## Innra starf

Síðfræðingur á vegum LÍ verður haldið í tengslum við ársfund World Medical Association, WMA sem haldinn verður í Reykjavík í október.

Aðalfundur LÍ er samkvæmt venju 21. aldarinnar á haustdögum. Afmælisnefnd væntir sérlega höfðinglegs kvöldverðar með góðum gestum í þeim fundarhöldum en útfærsla verður á vegum stjórnar.

Við sem stöndum að skipulagningu með stjórn lögðum til að fagmenn kæmu að útfærslu stærri viðburða. Ætlunin er að bæta fánæign félagsins og einnig að útfæra kennimerki svo prenta mætti það á nytjahluti og gera okkur sýnilegri. Í haust á að verða til viðburðadagatal og við viljum hafa hirðljósmyndara með okkur í skipulögðum atriðum. Afmælisnefndin vill svo skila af sér uppgerðu ári í myndum ekki síðar en á Læknadögum 2019.

Með félagskveðju,  
fyrir hönd afmælisnefndar,  
Birna Jónsdóttir

## Ljósmyndir úr eigu félagsmanna LÍ óskast!

Í tilefni aldarafmælis Læknafélagsins kallar *Læknablaðið* eftir ljósmyndum frá félagsmönnum af viðburðum úr starfi félagsins. Myndum af nefndum, ferðum, hópum, ráðstefnum, útskriftarhópum, og öðru sem væri gaman fyrir aðra félagsmenn að sjá og skoða. Á afmælisárinu 2018 er fyrirhugað að birta í hverju tölublaði myndir úr eigu félagsmanna LÍ og búa þannig til myndasafn lækna.

Ritstjórn blaðsins vonar að félagar bregðist vel við og að inn muni snjóa mörgum ljómandi góðum myndum með myndatexta sem skýri myndefnið vel, ásamt mannanöfnum, staðsetningu og ártali, – að því gefnu að það sé þekkt.